

**Þingsályktun**

**um leiðtogafund stórveldanna.**

Alþingi ályktar að senda Ronald Reagan, forseta Bandaríkjanna, og Mikhaíl Gorbatsjov, aðalritara miðstjórnar sovéska kommúnistaflokksins, heillaóskir í tilefni samnings um afvopnunarmál sem þeir hafa undirritað. Alþingi lætur í ljós þá von að áfanginn, sem náðist á fundi þeirra í Reykjavík, beri ríkulegan ávöxt í viðræðum þeim, sem nú eru að hefjast, og þær stuðli að varanlegum friði.

*Samþykkt á Alþingi 9. desember 1987.*

